

L Ö G

um breyting á búfjárræktarlögum, nr. 31 24. apríl 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 18. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgreinar:

Búnaðarfélagi Íslands ber að sjá um að hreinrækta íslenska forustuféð. Semja ber við einstaklinga, sauðfjárræktarfélag eða ríkishú að annast þetta verkefni undir umsjón og eftirliti félagsins.

Framlag til þessarar stofnræktar skal vera tvöfalt miðað við aðra stofnrækt sauðfjár.

Aðeins einn aðili getur notið framlags í hverjum landsfjórðungi auk Vestfjarða eða mest 5 á öllu landinu.

Framlag á stofnrækt forustufjár miðist við minnst 8 ær, skýrslufærðar, og mest 15 hjá hverjum stofnræktaraðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það markmið að kanna aðstæður til að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi og annast undirbúning þess, að slíku fyrirtæki verði komið á fót.

Með saltverksmiðju er í lögum þessum átt við iðjuver til vinnslu á salti (natríumklóríði) fyrir innlendan og erlendan markað og hagnýtingar á efnum, sem til falla við þá vinnslu.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja innlenda aðila, sem áhuga hafa á málinu.